Árbæjarsafn
Bókasafn

Anna Lísa Guðmundsdóttir
Sólveig María Heiðberg

Borgarhluti 8

Grafarvogur

Minjar og saga

Reykjavík 1998
Skýrslur Árbæjarsafns 70

930.1
Ann
Bor

Skannað eintak af upprunalegri skýrslu hefur verið ljóslesið og aðlagað af Minjastofnun Íslands.

Blaðsíðutöl gætu hafa færst úr stað og uppsetning breyst á smávægilegan máta miðað við upprunalega útgáfu.

Árbæjarsafn
Reykjavík, október 1998
©Árbæjarsafn, Anna Lísa Guðmundsdóttir
og Sólveig María Heiðberg
Skýrslur Árbæjarsafns 70.
Ritstjóri: Margrét Hallgrímsdóttir

Öll réttindi áskilin

Efnisyfirlit

Formáli 1
Gröf - Grafarholt 1
Keldur 2
Skráðar fornleifar 3
Gröf - Grafarholt 3
Keldur 4
Gufunes 5
Örnefni 5
Heimildarlisti 6
Viðauki: skráðar fornleifar í borgarhluta 8 9

Formáli

Skýrslan Borgarhluti 8 Grafarvogur minjar og saga er unnin að beiðni borgarskipulags. Inn úr Kollafirði fingrast Grafarvogurinn næstvestastur inn í landið, fyrir vestan er Elliðavogur en fyrir austan var Gufunesvogur, sem nú er uppfylltur af sorpi. Suðvestan megin vogsins er Ártúnshöfði en norðaustan megin Gufuneshöfði. Borgarhluti 8 afmarkast af Elliðaám í vestri, Úlfarsá í austri, Vesturlandsvegi í suðri og Hallsvegi í norðri. Innan þessa borgarhluta eru hverfin Hamrar, Foldir, Hús, Höfði og Grafarvogurinn sjálfur, sem dregur nafn sitt af bænum Gröf sem stóð upp af minni vogsins. Svæði þetta ber merki þess að jökull hefur sorfið landið og gert það ávallt. Á milli íslökkunum hafa verið mýrar. Merki um hærri sjávarstöðu er að finna þarna víða. Borgarhluti 8 nær yfir jörðina Keldur að miklu leyti og að hluta til jörðina Grafarholt og lítinn part af jörðinni Gufunesi, sem verður ekki tekin fyrir í þessari skýrslu. Á þessu svæði finnast fjölmargar fornleifar og mannvirki sem tilheyra bændasamfélaginu og einnig sjávarútvegi, en í minna mæli. Skráð örnefni eru á mjög mörgum stöðum á jörðini Gröf en mun færri að Keldum.

Gröf - Grafarholt

Jörðin Gröf fékk nafnið Grafarholt þegar bærinn var fluttur á núverandi stað 1907.
Ekki er Grafar getið í Landnámu en byggð hefur trúlega hafist þar fljótt.[1] Fyrst er hennar getið í máldaga Maríukirkju á Bessastöðum 1352[2] og seinna sem eign Viðeyjarklausturs 1395.[3] Árið 1503 er gefið út skiptibréf þeirra Áma ábóta í Viðey og Halldórs Brynjólfssonar ájörðunum Strönd í Hvolhreppi og Gröf í Mosfellssveit.[4] Við siðaskipti um 1550 sló konungurinn eign sinni á allar klausturjarðir á Íslandi og varð Gröf í Mosfellssveit því konungsjörð.[5]

Í Jarðabók Áma Magnússonar og Páls Vídalíns 1704 er konungur talinn eigandi, en ábúandi er Einar Þórðarson. Leiga var greidd konungi í smjöri til Bessastaða. Kvaðir um mannslán, hestlán til Þingvalla og annarra staða, jafnvel stundum norður í land og í ýmsar áttir. Skila átti tveimur dagsláttum, tveimur hríshestum og einum eða tveimur móhestum. Skera átti torf, flytja lax úr Elliðaánum, sjá um skipaferðir, sækja timbur til Þingvalla, hússtörf á Bessastöðum og fleira. Engjar jarðarinnar voru mjög litlar.

[1] Vald. Ásmundsson 1989.
[2] Íslenskt fornbréfasafn 1896, 3. bindi, bls. 69.
[3] Íslenskt fornbréfasafn 1896, 3. bindi, bls. 597.
[4] Íslenskt fornbréfsafn 1903, 7. bindi, bls. 662-663.
[5] Íslenskt fornbréfasafn 1923, 12. bindi, bls. 111.

Kvikfénaður er skráður 6 kýr, 1 kvíga tvævetur, 8 ær með lömbum og 4 hestar. Heimilismenn eru skráðir 10. Kostir jarðarinnar eru taldir litlir. Hjáleigur eru taldar tvær, það eru Grafarkot sem byggðist upp þá fyrir 50 árum og hét hugsanlega Holltsstaðir áður og hjáleigan Oddgeirsnes sem er búin að vera eyðijörð í alira manna minni.[6]

Litlum sögum fer af jörðinni en skömmu fyrir 1840 er hún seld eins og flestar konungsjarðir á þessum slóðum. Gröf var mjög landstór jörð.

Framan af öldinni bjó í Grafarholti bændahöfðinginn Björn Bjarnason hreppstjóri og um skeið alþingismaður, fróðleiksmaður mikill, en sérkennilegur í mörgu.

Árið 1943 var jörðin Grafarholt lögð undir Reykjavík samkvæmt lögum og meginhluti hennar síðan tekin eignarnámi 1944. [7]

Keldur

Jörðin Keldur er norðaustan við Grafarvog. Bærinn sjálfur hefur alla tíð verið á svipuðum stað eða þar sem tilraunastöðin í meinafræðum er núna. Ekki er vitað hvenær byggð hófst á Keldum, en jörðin var talin meðal eigna Viðeyjarklausturs árið 1395,[8] verður síðan konungseign við siðaskiptin eins og aðrar klausturjarðir.[9] Litlar sögur fara af ábúendum í gegnum aldirnar. Samkvæmt Jarðabók árið 1704 voru ábúendur á Keldum, Sveinn Jónsson og ekkjan Vigdís Ketilsdóttir sem bjuggu á sitthvorum helmingi jarðarinnar.

Leigajarðarinnar átti að borgast með smjöri til Bessastaða eða Viðeyjar. Kvaðir um mannslán voru eitt frá báðum, hestlán til alþingis meðan hestar voru til, hafa reipi, reiðinga og klyfbera til fyrir alþingisreiðina, dagslættir í Viðey tveir, hríshestar tveir og móhestar einn frá báðum, fóðra misjafnt eitt sinn hest og eitt sinn naut og ekki minna en tvö lömb, auk fleiri hvaða. Landþraung var mikil. Sveinn átti tvær kýr, tvær ær með lömbum, tvo veturgamla sauði, einn kálf og eitt hross. Vigdís átti fjórar kýr, einn kálf, þrjár ær með lömbum og ein gelda, einn sauð tvævetur og tvo veturgamla. Heimilismenn hjá Sveini voru fjórir en fimm hjá Vigdísi. Torfskurður til húsagerðar var nógur, en til eldiviðar var mótekja lök. Um vetur leggur bæ allan í fönn.[10]

Hjáleiga Keldna var Keldnakot. Það hafði árið 1704 verið í eyði í 20 ár en byggð þar fyrir um 20 ár. Sagt er í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vfdalíns að þar hafi forn jörð verið og heitið Lausingjastaðir að sögn gamalla manna. [11]

---

[6] Árni Magnússon 1982, bls. 296.
[7] Páll Líndal 1987, 1. bindi bls. 161.
[8] Íslenskt fornbréfasafn 1896, 3. bindi bls. 597
[9] Íslenskt fornbréfasafn 1896, 12. bindi bls. 111.
[10] Árni Magnússon og Pál Vídalín 1982, bls. 299.
[11] Árni Magnússon og Páll Vídalín 1982, bls. 300.

Jörðin var seld skömmu fyrir 1840 og var í einkaeign rúmlega eina öld þar til ríkissjóður kaupir hana árið 1941. Ýmsar byggingar hafa risið þar síðan á vegum háskólans, t.d. tilraunastöðin í meinafræðum sem reist var á árunum 1945-1948.[12]

Skráðar fornieifar

Skráðar fornleifar í borgarhluta 8 eru 21 talsins í fornleifaskrá Reykjavíkur.[13] Það eru leifar sem minna á bændasamfélagið og einnig á fiskveiðar fyrri alda. Númerin á fornleifunum eru þau sömu og í skránni og eru þær merktar á mynd 1. Auk þess fylgir í viðauka lýsing á öllum fornleifum á svæðinu sem hefur verið endurskoðuð á þessu ári.

Grafarholt / Gröf.

14. Gröf, bæjarhóll, traðir og grafreitur. Bærinn stendur á hól og er kenndur við grafir sem eru djúpir fornir lækjarfarvegir (frá síðjökultíma). Fyrir neðan hólinn eru traðir sem liggja að vaði yfir Graf arlæk. Á hólnum er heimagrafreitur sem grafið var í seinni part 19. aldar og fram á þá tuttugustu, þar hvílir Björn Bjarnason fyrrum bóndi í Gröf og hans skyldfólk.

15. Fornufjós. Utan í Harðhaus.

16. Smiðja. Á Harðhaus.

17. Sauðagerði. Á sauðaútflutningsárunum (upp úr 1870) voru geymdir þarna um tíma 2200 sauðir: Gerðið til nætur byrgingar var búið til á þann hátt, að í túninu var rist ofan í löngum flögum og þökum hlaðið í garða á ytri brúninni. [14]

18. Matjurtargarður. Margir eru matjurtargarðarnir þarna og eru þeir frá þessari öld.

Sel. Í Jarðabókinni er skráð sel í heimalandi og trúlega átt við þessa rúst, en annað sel finnst á jörðinni og er það Grafarsel sem er norðan við Rauðavatn.

20. Stöðull. Staður sem kvíaær og kýr voru mjólkaðar.

26. Laxveiðigarður.

27. *Króargarður.* Í botni Grafarvogs er Laxveiðigarður. Garðurinn var byggður í ós Grafarlækjar um 1870 með þeirri hugmynd að veiða þar lax. Að hluta er garðurinn náttúrulegur tangi sem síðan hefur verið hlaðið ofan á. Laxinn var veiddur með því að draga net fyrir opið þegar fiskurinnn var búinn að synda inn fyrir krónna um flóð· [15]

Töluverð laxveiði hefur verið í voginum.

---

[12] Páll Líndal 1987 bls. 84.
[13] Bjarni F. Einarsson 1995.
[14] Björn Bjarnarson 1914, bls. 25
[15] Halldór Vigfússon 1967, bls. 3.

Til skamms tíma var stunduð laxveiði í Grafarvogi en borgarstjórn leysti þau veiðiréttindi til sín.[16]

28. Síldarmannagarður. Milli Kattarnefs (Gullinbrú) og Naustatanga liggur eyri út í voginn. Á henni og þvert yfir voginn er gamall grjótgarður, sem sést vel þegar fjarar. Frá fornu fari hefur þessi garður verið nefndur Síldarmannagarður. Þarna hefur trúlega verið veidd síld á svipaðan hátt og lýst er hér að ofan, en einnig segir Björn bóndi í Gröf að Ólafur Stefensen frá Viðey hafi reynt að nota garðinn til Laxveiði, það mun hafa verið á árunum 1870 - 80. Um flóð eða með byrjandi útfalli var dregið net í hliðið, sem var í garðinum, og var ætlunin að króa fiskinn inni, svo að hann fjaraði uppi. Var mikill lax fyrir innan og selur, en undan útfallinu settist slý og þaraslæðingur í netið og fiskurinn lagðist fast á. Undan öllum þessum þunga sprakk netið, svo að aflinn var lítill sem enginn. Þessi garður er nú allmikið raskaður af sjávargangi og af völdum veiðimanna, er voru þar með laxakláfa um síðustu aldamót[17].

42. Rétt. Þessi rétt sést varla lengur en var nefnd Gamlarétt. Hún er merkt inn á túnakort 1916 sem hestarétt.

116. Grásteinn. Við heimreiðina að Keldum, klofnaði þegar hann var færður 1971.[18]

162. Þjóðleið. Leið frá vaðinu yfir Elliðaárnar um Reiðskarði, Jörfamelana, botn Grafarvogs, þar yfir Grafarlæk, norðan við Kotamýri, upp Keldnasund yfir að Keldnaholti.

Keldur

31. Fjárhús, gerði, garður og rúst. Gripahús sem tilheyrir Keldum, er skráð í notkun 1916.

32. Rústir. Inni á einkalóð Miðhús 32

33. Rúst. Tilheyrir Keldnakoti, síðast notað sem hrútakofi frá Keldum.

34. Fjárhús. Tilheyrir Keldnakoti, síðast notað sem fjárhús og kanínuhús frá Keldum.

35. Rúst. Tilheyrði Keldnakoti, horfið 1994.

36. Keldnakot, bæjarstæði og kálgarður. Hjáleiga frá Keldum horfið 1994.

37. Jarðhýsi. Tilheyrir Keldnakoti.

38. Helgutóft, fjárborg og rústir. Einnig nefnt Helguhjáleiga eða Helgustekkur. Um þennan stað er til skemmtileg þjóðsaga, sem segir að þarna' hafi búið Helga Bárðardóttir Snæfellsáss sem sótti sér í soðið með því að renna færi fram af Helgukletti nyrst á Geldinganesi. [19]

---

[16] Páll Líndal 1987, 1. bindi bls. 161
[17] Halldór Vigfússon 1967, bls. 3.
[18] Vísir 1971, bls. 9.
[19] Grímur M. Helgason 1969.

Heimildarlisti

Árni Magnússon og Páll Vídalín 1982: Jarðabók þriðja bindi, Gullbringu og Kjósasýsla.

Bjarni F. Einarsson 1995: Fornleifaskrá Reykjavíkur. Skýrsluröð Árbæjarsafns XLVI

Björn Bjarnason 1914: Grafarholt um örnefni. Örnefnastofnun.

Einar S. Arnalds 1989: Reykjavík. Sögustaðir við Sund, 4 bindi.

Grímur M. Helgason og Vésteinn Ólafssson 1969: Íslendingasögur, annað bindi Skuggsjá.

Guðlaugur R. Guðmundsson 1977: Örnefnalýsing Grafarholts. Örnefnastofnun.

Halldór Vigfússon 1967: Örnefni í Keldnalandi, Örnefnastofnun.

Jóhann Pálsson 1998: Gönguferð um Grafarvoginn 27.08.98.

Páll Líndal 1987: Reykjavík. Sögustaðir við Sund, 1-3. bindi.

Túnakort Keldur 1916: Þjóðskjalasafn Íslands.

Túnakort Grafarholt 1916: Þjóðskjalasafn Íslands.

Íslenskt fornbréfasafn 1896: Hið Íslenska Bókmenntafélag, 3. bindi

Íslenskt fornbréfasafn 1903: Hið Íslenska Bókmenntafélag, 7.bindi

Íslenskt fornbréfasafn 1923: Hið Íslenska Bókmenntafélag, 12.bindi

Vald. Ásmundsson 1891: Landnámabók. Félagsprentsmiðjan Reykjavík.

Mynd 1. Staðsetning skráðra fornleifa í borgarhluta 8 (Bjarni F. Einarsson 1995).


Hallsnoll
Keldnaholt
Keldnaskógur
Keldnaholt
Lambhús
Kotmýri
Klofningur
Hólmsá
Hólmsá
Hólmsá

Viðauki

Skráðar fornleifar í borgarhluta 8

Nr. 14

Tegund minja

Bæjarhóll, traðir og grafreitur

Heiti	Fjöldi
Gröf	3

Lega, staðhættir

220 m NNV af Grafarholti við Grafarlæk. Bæjarhóllinn stendur á jökulruðningi.

Lýsing

Bæjarhóll.

12 x 10 m (NNV - SSA). Veggir úr torfi og grjóti, br. 0,8 - 1,5 m og h. 0,4 - 2, 1 m. Rústirnar samanstanda af 3 hólfum (A, B og C). Dyr eru í hólfi A í NNV, í hólfi Bí ANA og í hólfi C í ANA og SSA. Fyrir framan hólf A er grjóthrúga.
Garðlög úr grjóti og torfi (strengur(?)) sjást mjög vel að innanverðu í hólfi A og B . Bæjarrústirnar eru vaxnar háu grasi,
1,5 m frá SV horni þeirra er:

Grafreitur.

10 x 10 rn (VNV). Afgirtur með járngirðingu. Grafreiturinn sem er plantaður trjám hefur að geyma 7 leiði samkvæmt minningarskildi á staðnum.
10 m NV af grafreitnum eru:

Traðir.

Um 35 m 1. (NA - SV) og 1,5 m br. Traðirnar eru á brekkubrún og ná frá bæjarhólnum niður að Grafarlæk. SV - endi traðanna liggur í krók niður að vaði. Tæpa 3 m frá NV - horni grafreitsins eru 2 steinar, 0,6 m og 0,7 m í þvermál. A stærri steininum er gat og er þar trúlega um tjóðurstein (hestastein) að ræða.

Munnmæli

Landareign	Borgarhluti
Grafarholt	8
Staðfræðikort	**Dagsetning**
Viðey 1613 Ill NV: 61-14	28/8/98

Teikn.



Ljósmynd

Heimildir

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Ill: 295-296.
Jarðabók J. Johnsens, 1847: 96.
Túnakort 1916.

Athugasemdir

Gott ástand fornleifanna árið 1982. Flokkað í B-flokk, Þjms.
Óbreytt ástand árið 1994.
Ástand ágætt 1998.

Nr. 15

Tegund minja

Fjós

Heiti
Fornufjós

Fjöldi
1

Lega, staðhættir
100 m af fyrsta húsinu við heimkeyrsluna að Keldum utan í Kofahól í túni.

Lýsing

Fjós.
Um 15 x 10 m (ASA - VNV). Veggir úr torfi um 2 - 3 m br. og 0,1 - 0,2 m h. Tvö hólf eru sjáanleg en fornleifarnar eru ógreinilegar og að mestu leyti jafnaðar við jörðu, enda slegið á staðnum.

Munnmæli

Landareign
Grafarholt

Borgarhluti
8

Staðfræði kort
Viðey 1613 III NV: 62-14

Dagsetning
28/6/94

Teikn.



Ljósmynd

Heimildir
Örnefnastofnun. Grafarholt. B.B.

Athugasemdir

Sæmilegt ástand árið 1982. B-flokkur Þjms.
Óbreytt ástand 1994.
Óbreytt ástand 1998.

Nr. 16

Tegund minja

Smiðja

Heiti
Smiðjuhóll

Fjöldi
1

Lega, staðhættir
100 m V af fyrsta húsinu við heimkeyrsluna að Keldum er Kofahóll í ræktuðu túni.
Aðal hóllinn heitir Harðhaus.

Teikn.



Lýsing

Smiðja
Nánast hringlaga, um 7 x 6 m í þvermál. Veggir úr torfi, br. 2 - 3 m og h. 0,4 - 0,5 m.
Hugsanlega dyr í NV.

Ljósmynd

Munnmæli
Samkvæmt Jóhanni Pálssyni garðyrkjustjóra Reykjavíkur lærði faðir hans til járnsmíða í smiðju, er stóð þar sem nú er Smiðjuhóll. Einnig nefndur Kofahóll.

Heimildir
Örnefnastofnun. Grafarholt. B.B.

Athugasemdir
Sæmilegt ástand árið 1982.
Flokkuð í B flokk Þjms.
Samskonar ástartd 1994.
Lélegt ástand 1998 vegna sláttar.

Landareign
Grafarholt

Borgarhluti
8

Staðfræði kort
Viðey 1613 III NV: 62-14

Dagsetning
28/6/98

Nr. 17

Tegund minja

Sauðagerði

Heiti

Fjöldi
1

Teikn.

Lega, staðhættir
15 m V af veg að Keldum.
Við hæðarbrún á hól (Kofahól) og fyrir smá hvilft. Tún.

Lýsing

Sauðagerði.
Um 50 má 1. (A - V). Skorinn kantur

Ljósmynd

Munnmæli
„Á sauðaútflutningsárunum 1870-90 voru hér geymdir 2200 sauðir um tíma, gerði til næturbyrgingar búið til á þann hátt, að í túninu var rist ofan af löngum flögum og þökunum hlaðið í garða á ytri brúninni."

Heimildir
Örnefnastofnun. Grafarholt. B.B.

Athugasemdir
Lélegt ástand 1982.
Flokkað í C-flokk Þjms.
Sama ástand 1994.
Fannst ekki 1998.

Landareign
Grafarholt

Borgarhluti
8

Staðfræði kort
Viðey 1613 III NV: 62-14

Dagsetning
28/6/98

Nr. 18

Tegund minja

Matjurtargarðar

Heiti

Fjöldi
2

Teikn.

Lega, staðhættir
30 m V af selinu Nr.19, N við Vesturlandsveg og V við Grafarlæk.

Lýsing

Matjurtagarður 1.
18 x 15 m 1. garðar úr torfi. 0,4 - 1,0 m br. og 0,2 - 0,5 m h. Tvö hólf.
10 m SV af matjurtagarði 1 er:

Matjurtagarður 2.
Ferhyrndur 14 x 9 m (SV-NA). Garðar úr torfi, br. 0,5 - 1,0 m og h. 0,2 - 0,3 m.
Í SA - langhlið, sjást steinar að utanverðu.
Yfirborð að innan er lægra en fyrir utan.

Um 60 m VNV af görðunum eru enn fleiri garðar sem eru örugglega nýlegir. (Rabbabari vex í einum, timburkassar fyrir jarðarber eða annað og hryggir eftir kartöflubeð í öðrum). A staðnum eru einnig seinni tíma kofatóttir. (sbr. loftmyndir).

Á svæðinu eru fleiri ámóta matjurtagarðar, og nær örugglega allir (sem og hinir tveir) frá þessari öld.

Ljósmynd

Munnmæli

Heimildir
Örnefnastofnun. Grafarholt. B.B.

Athugasemdir
Sæmilegt ástand 1982.
Flokkað í C-flokk Þjms.
Ástand óbreytt 1994.
Ágætt ástand 1998.

Landareign	Borgarhluti
Grafarholt	8
Staðfræði kort	**Dagsetning**
Viðey 1613 III NV: 61-14	28/6/98

Nr. 19

Tegund minja

Sel(?)

Heiti	Fjöldi
	3

Lega, staðhættir

Um 200 m SV af Grafarholti rétt við Grafarlæk 30 m SSV af stöðli (nr. 20) uppi í brekku.

Lýsing

Sel.

7 x 5 m (A - V). Veggir úr torfi og grjóti, br. 0,6 - 1,3 m og h. 0,2 - 0,5 m. Fornleifarnar samanstanda af 2 hólfum (A og B). Dyr á báðum hólfum í N.

Við NA - horn, er rúst 4 x 3 m (N - S). Veggir úr torfi, dyr trúlega í N. 1 A - vegg er stór steinn, 0,3 x 0,8 m. Nýlegur troðningur liggur yfir NA - horn hólfsins. 5 m S af selinu er vegur (A - V), br. 2,5 m (gróinn) og 1. 4 m.

Munnmæli

Landareign	Borgarhluti
Grafarholt	8
Staðfræði kort	**Dagsetning**
Viðey 1613 III NV: 61-14	28/6/98

Teikn.



Ljósmynd

Heimildir

Örnefnastofnun. Grafarholt. B.B.

Athugasemdir

Sæmilegt ástand 1982.
Flokkað í B-flokk Þjms.
Ástand eins árið 1994.
Ástand eins árið 1998.

Nr. 20

Tegund minja

Stöðull

Heiti	Fjöldi
	1

Lega, staðhættir

Um 200 m SV af Grafarholti rétt við Grafarlæk 30 m SSV af stöðli (nr. 20) uppi í brekku.

Teikn.



Lýsing

Sel.

7 x 5 m (A - V). Veggir úr torfi og grjóti, br. 0,6 - 1,3 m og h. 0,2 - 0,5 m. Fornleifarnar samanstanda af 2 hólfum (A og B). Dyr á báðum hólfum í N.

Við NA - horn, er rúst 4 x 3 m (N - S). Veggir úr torfi, dyr trúlega í N. 1 A - vegg er stór steinn, 0,3 x 0,8 m. Nýlegur troðningur liggur yfir NA - horn hólfsins. 5 m S af selinu er vegur (A - V), br. 2,5 m (gróinn) og 1. 4 m.

Ljósmynd

Munnmæli

Heimildir

Örnefnastofnun. Grafarholt. B.B.

Athugasemdir

Gott ástand 1982.
Flokkað í B-flokk Þjms.
Sama ástand við vettvangsathugun 1994.

Landareign	Borgarhluti
Grafarholt	8
Staðfræði kort	**Dagsetning**
Viðey 1613 III NV: 61-14	28/6/98

Nr. 26

Tegund minja

Laxveiðigarður

Heiti	Fjöldi
	1

Lega, staðhættir

Í botni Grafarvogs, 10 m V við brú yfir Grafarlæk þar sem hann rennur til sjávar. Þar sem áður lá vegurinn til Gufunes.

Teikn.

Lýsing

Laxveiðigarður.
Um 40 m l., 2 m br. og 0,2 - 0,4 m h.
Næstum U-laga með opi í N - enda.
Garðurinn og opið eru töluvert úr lagi fært.

Ljósmynd

Munnmæli

Heimildir

Örnefnastofnun. Grafarholt. B.B.

Athugasemdir

Sæmilegt ástand árið 1982.
Flokkað í B-flokk Þjms.
Óbreytt ástand árið 1994.
Ágætt ástand 1998.

Landareign	Borgarhluti
Grafarholt	8
Staðfræði kort	**Dagsetning**
Viðey 1613 III NV: 61-14	28/6/98

Nr. 27

Tegund minja

Laxveiðigarður

Heiti	Fjöldi
Kórargarður	1

Lega, staðhættir

Í botni Grafarvogs, 50 m V af brú yfir Grafarlæk, þar sem hann rennur til sjávar.

Teikn.

Lýsing

Laxveiðigarður.
Um 70 m 1,0 – 2,0 m br. og 0,2 - 0,4 m h. Næstum L-laga með op við SV – hlutann og NA - endann. Garðurinn er að hluta hlaðinn á lítinn hrygg, sem gengur út í ósinn og eru hleðslurnar minnstar þar.

Ljósmynd

Munnmæli

Heimildir

Örnefnastofnun. Keldur.
Skráð af Halldóri Vigfússyni 1949.
Örnefnastofnun. Grafarholt B.B.

Athugasemdir

Sæmilegt ástand árið 1982.
Flokkað í B-flokk Þjms.
Óbreytt ástand árið 1994.
Ágætt ástand 1998.

Landareign	Borgarhluti
Keldur (Grafarholt)	8
Staðfræði kort	**Dagsetning**
Viðey 1613 III NV: 61-14	28/6/98

Nr. 28

Tegund minja

Síldveiðigarður

Heiti	Fjöldi
Síldarmannagarður	1

Lega, staðhættir

Rétt austan við Gullinbrú á milli Kattarnefs og Naustatanga, á fjöru sjást tveir tangar sem stefna beint á hvern annan sitthvoru megin við voginn.

Teikn.

Lýsing

Síldveiðigarður.
Garðurinn (SV - NA) er að mestu leyti horfinn, sést þó aðeins að hluta á fjöru og þá SV - hlutinn aðallega. Um upprunalegu br. og h. er ekkert hægt að segja.

Ljósmynd

Munnmæli

Heimildir
Örnefnastofnun. Grafarholt B.B.

Athugasemdir

Sæmilegt ástand árið 1982.
Flokkað í A-flokk Þjms.
Ástand óbreytt árið 1994.
Sæmilegt ástand 1998.

Landareign	Borgarhluti
Grafarholt / Keldur	8
Staðfræði kort	**Dagsetning**
Viðey 1613 III NV: 61-14/15	20/8/98

Nr. 31

Tegund minja

Fjárhús, gerði, garður og rúst

Heiti	Fjöldi
Kórargarður	1

Lega, staðhættir

Í 10 m. NA af nyrsta húsi á Keldum. Í ofanverðri hlíð. Hagi.

Teikn.

Lýsing

Fjárhús 1.

13 x 12 m (A - V). Veggir úr torfi og grjóti, br. 1,0 - 2,0 m og h. 0,3-0,8 m. Fornleifarnar samanstanda af 2 samhliða hólfum (A og B). Dyr eru á báðum hólfum í V. Garðlög úr grjóti greinileg í hólfi A, á A - vegg innanverðum. Nokkuð af grjóti á gólfi í hólfi A. Fornleifarnar nokkuð troðnar á köflum sökum ágangs skepna. 2 m frá A - endanum er steinaröð, (heygarður) l. 9 m, h. 0,2 - 0,3 m og úr 0,4-0,9 m stórum steinum. Liggur steinaröðin samsíða A - hliðinni og tengist SA - horni fornleifanna. 3 m S af fjárhúsinu er:

Rúst 2.

6 m í þverrnál (NNV - SSA). Veggir úr torfi, br. um 1,0 m og h. 0,1 - 0,2 m. Nokkrir steinar sjást. Rústin er ógreinileg og óljós.

Gerði 3.

Ferhyrningslaga, 8 x 8 m (A - V). Garður úr torfi, br. um 1,0 m og h. 0,1 - 0,2 m. Garðurinn er mjög ógreinilegur, þó aðallega N - hlutinn. 9 rn A af NA- horni fjárhússins er:

Garður.

L. 23 m (A- V), br. 1,0 - 1,2 m og h. 0,2 - 0,3 m. Úr torfi og grjóti. Nokkuð troðinn af skepnum. Við garðinn liggur steinaröð skáhallt í gegnum garðinn, en mun lengri, sérlega í A. Líklega er um að ræða leifar af girðingu. Á tveim stöðum standa járnteinar upp úr steinum. 29 m NV af fjárhúsi er:

Rúst.

6 m í þverrnál (NNV - SSA). Veggir úr torfi, br. um 1,0 m og h. 0,1 - 0,2 rn. Nokkrir steinar sjást. Rústin er ógreinileg.

Ljósmynd

Munnmæli

Heimildir

Túnakort 1916.

Athugasemdir

Gott ástand árið 1982.
Flokkað í B-flokk Þjms.
Ástand óbreytt árið 1994.
Trúlega eru fleiri rústir á svæðinu.

Landareign	Borgarhluti
Keldur	8
Staðfræði kort	**Dagsetning**
Viðey 1613 III NV: 61-15	15/7/94

Nr. 32

Tegund minja

Rústir

Heiti	Fjöldi
	2

Lega, staðhættir

Í húsagarði við Miðhús 32.

Lýsing

Rúst 1.
Sporöskjulaga 8 x 6 m (NA - SV). Veggir úr torfi og grjóti, br. 1,0 - 1,5 m og h. 0,2 - 0,3 m. Gólf niðurgrafið. Hluti af SV - endanum er uppblásinn. (Svo virðist sem rústin hafi verið notuð aftur eftir sína fyrri notkun, en á veggjunum innanverðum er ávölum steinum hrúgað upp og gætu þeir því verið hluti af þaki. Hluti af bárujárni liggur undir þessum steinum). 5 m SA af rúst 1 er:

Rúst 2.
Hringlaga 5,5 m í þvermál. Veggir úr torfi (og grjóti), br. 1,0 - 1,5 m og h. 0,3 m. Dyr í NNV. Gólf niðurgrafið. (Sama gæti átt við hér og í rúst 1, varðandi notkun hennar. Því bárujárn er á sperrum(?) í A - hlutanum og sperrurnar ganga inn undir vegginn).

Munnmæli

Landareign	Borgarhluti
Keldur	8
Staðfræði kort	**Dagsetning**
Viðey 1613 III NV: 61-15	15/7/94

Teikn.



Ljósmynd

Heimildir

Athugasemdir

Lélegt ástand 1982.
Flokkað í B-flokk Þjms.
Vettvangskönnun" árið 1994 leiddi í ljós að **rúst 1** var horfin.

Nr. 33

Tegund minja

Rúst

Heiti	Fjöldi
Hrútakofi	1

Lega, staðhættir

30 - 40 m S af toppi á skíðalyftu, SV af Vesturhúsi 14.

Lýsing

Rúst.
6 x 4 m (NV - SA). Veggir úr torfi og grjóti, br. um 1,0 m og h. 0,3 - 0,6 m. Dyr í SA og út frá þeim steinaraðir (nú horfnar undir aðkeyrt grjót og mold). Steinaraðimar eru 3,5 m l. og 0,3 m h**.** Gólf niðurgrafið í NV - hluta. Garðlög greinileg á utanverðum V - vegg og utanverðum og innanverðum N - gafli. Nokkuð af steinum í gólfi og sérstaklega við dyr. Rústin er vel gróin.

Munnmæli

Í þessum kofa voru síðast hrútar og var hann þá kallaður Hrútakofi (Jóhann Pálsson 1998).

Landareign	Borgarhluti
Keldur (Grafarholt)	8
Staðfræði kort	**Dagsetning**
Viðey 1613 III NV: 61-14	28/6/98

Teikn.



Ljósmynd

Heimildir

Athugasemdir

Gott ástand 1982.
Flokkað í C-flokk Þjms.
Við vettvangskönnun 1994 var ástand óbreytt fyrir utan steinaraðir út frá dyrum sem eru horfnar.
Gott ástand 1998.

Nr. 34

Tegund minja

Fjárhús

Heiti	Fjöldi
	1

Lega, staðhættir

70 m S af Dalhúsi 101-103.

Lýsing

Fjárhús.
20 x 10,5 m (VNV - ASA). Veggir úr torfi og grjóti, br. 1,5 - 2,0 m og h. 0,6 - 1,8 m.
Dyr í NV. Garðlög sjást vel, aðallega að innanverðu, en þó einnig að utanverðu við dyr. Nokkuð af steinum í gólfi, sérlega í SA - helmingi. Gólf eru grafin niður, mest í SA - helmingi. Rústin er vel gróin.

Munnmæli

Fjárhúsið var notað af Páli bónda fyrir kindur í hans tíð, þá voru kindur hafðar í fremra hólfinu en hey í innra, seinna var þetta hús notað fyrir kanínur (Jóhann Pálsson 1998).

Landareign	Borgarhluti
Keldur	8
Staðfræði kort	**Dagsetning**
Viðey 1613 III NV: 61-15	20/8/98

Teikn.



Ljósmynd

Heimildir

Túnakort 1916.

Athugasemdir

Gott ástand 1982.
Flokkað í C-flokk Þjms.
Óbreytt ástand 1994.
Gott ástand 1998.

Nr. 35

Tegund minja

Rúst

Heiti	Fjöldi
	1

Lega, staðhættir

420 m NNA af Keldum.
Á flötum teig við brekkurót, SV af Dalhúsi.

Teikn.



Lýsing

Rúst.
6 x 5 m (VNV - ASA). Veggir úr torfi og grjóti, br. 1,5 - 2,0 m og h. 0,3 - 0,8 m. Dyr í SV.
Töluvert af steinum sjást.

Ljósmynd

Munnmæli

Heimildir

Athugasemdir

Sæmilegt ástand árið 1982.
Flokkað í B-flokk Þjms.
Horfið 1994.

Landareign	Borgarhluti
Keldur	8
Staðfræði kort	**Dagsetning**
Viðey 1613 III NV: 61-15	18/7/94

Nr. 36

Tegund minja

Bæjarstæði - Kálgarður

Heiti	Fjöldi
Keldnakot	2

Lega, staðhættir

380 m NNA af Keldum.
Á eilítilli þúst í flötum bala í brekku. Hagi.

Lýsing

Bæjarstæði.
28 x 19 m (NNV - SSA). Arið 1982 var sjáanlegur garður úr grjóti og tarfi, br. 1,0 - 2,0 m og h. 0,2 - 0,6 m.
Aðgreina mátti tvö mannvirki og var lýsingin svohljóðandi:

Rúst.
21 x 8 m (NNV - SSA). Veggir úr tarfi og grjóti, br. 1,0 m og h. 0,2 - 0,6 m. Fornleifarnar samanstanda af 2 jafnstórum hólfum (A og B). S - gafl á hólfi B er mjög ógreinilegur. Rústirnar eru hæstar við miðju og hallar sínu hvoru hólfinu niður frá millivegg.

Garður.
21 x 12,5 m (NNV - SSA). Veggir úr grjóti/ tarfi, br. 1,5 - 2,0 m og h. 0,2 - 0,4 m. I Ver skorinn kantur í stað garðlags og strax fyrir neðan steinahryggir, sem gætu verið hluti af fornleifunum, þó ekki sá syðsti. I SA - horni garðs örlar fyrir mannvirkjum. Dyr eða op er á NV - horni.

Samkvæmt túnakorti 1916 er hér um bæjarstæði Keldnakots að ræða.

Þannig mætti tengja fornleifar nr. 33, 34, 35 (horfin), 36 (horfin), 37 (horfin), 39, 40 og 131 við Keldnakotið.

Munnmæli

Landareign	Borgarhluti
Keldur	8
Staðfræði kort	**Dagsetning**
Viðey 1613 III NV: 61-15	18/7/94

Teikn.



Ljósmynd

Heimildir

Örnefnastofnun. Keldur. H.V. skráð 1949.
Jarðabók Áma Magnússonar og Páls Vídalíns Ill: 300.

Athugasemdir

Sæmilegt ástand 1982.
Flokkað í B-flokk Þjms.
Horfið 1994, trúlega í sambandi við húsabyggingar, stígaframkvæmdir og skíðalyftugerð. Hófust framkvæmdir um 1989 - 90.

Nr. 37

Tegund minja

Jarðhýsi

Heiti	Fjöldi
	1

Lega, staðhættir

340 m NNA af Keldum.
Undir lítilli hæð í brekku. Hagi.

Teikn.



Lýsing

Jarðhýsi.
6 x 4 m (A - V). Veggirurtorfi, br. 1,0 m og h. 0,2 - 0,3 m. Dyr á NV - horni. A - endi grafinn inn í brekkuna. Gólfi hallar.

Ljósmynd

Munnmæli

Heimildir

Athugasemdir

Sæmilegt ástand árið 1982.
Flokkað í B-flokk Þjms.
Horfið 1994.
Ljósmynd til á Þjóðminjasafni.

Landareign	Borgarhluti
Keldur	8
Staðfræði kort	**Dagsetning**
Viðey 1613 III NV: 61-15	18/7/94

Nr. 38

Tegund minja

Fjárborg, rústir

Heiti	Fjöldi
Helgutótt, Helguhjáleiga,	3

Lega, staðhættir

Á háholti, um 30 m SA af háhýsinu Frostafold 14.

Lýsing

Fjárborg.

Hringlaga, um 13 m í þvermál. Veggir úr grjóti, br. um 3 m og h. 0,5 - 1,4 m. Dyr í SV. Veggir fjárborgarinnar eru grasi grónir. Inni í rústinni er annað seinni tíma mannvirki.

Rúst 1.

Úr grjóti, ferhyrnd, 8 x 4 m (ANA - VSV). Veggir, br. 0,5 - 1,0 m og h. 0,1 - 0,3 m. Dyr í V. Rústin hefur mikið látið á sjá síðan 1983, og eru nokkrir steinar hreyfðir.
NV úr fjárborginni er:

Rúst 2.

6 x 5 m (áður 10 x 6 m!) (NV - SA). Veggir, h. 0,2 ~ 0,3 m (áður 0,5 m!). (Í NV - horni var 1983 steyptur bringur, 0,6 m í þvermál, með járnröri upp úr, h. 0,04 m og 0,04 m í þvermál. (Hermannavirki(?))). Sést ekki 1998.
Rúst 2 hefur orðið fyrir töluverðri skemmd í NV - endanum.

Munnmæli

Um þennan stað er sú þjóðsaga, að þarna hafi búið Helga Bárðardóttir Snæfellsáss og sótt sér í soðið með því að renna færi í Helguklett nyrst á Geldinganesi.

Landareign	Borgarhluti
Keldur	8
Staðfræði kort	**Dagsetning**
Viðey 1613 III NV: 61-15	19/8/98

Teikn.



Ljósmynd

Heimildir

Örnefnastofnun. Keldur. H. V. Skráð 1949. Örnefnastofnun. Gufunes.

Athugasemdir

Gott ástand 1982.
Flokkað í A-flokk Þjms.
Ástand óbreytt 1994, að öðru leyti en því að skorið hefur verið af rústinni, þeim megin sem næst er fjölbýlishúsinu.

Nr. 39

Tegund minja

Kálgarður

Heiti	Fjöldi
	2

Lega, staðhættir

70 m S af Dalhúsi 101-103.
Í hvilft milli tveggja hæða. Skógrækt (fura).

Teikn.



Lýsing

Garður.
24 x 12 m (A - V). Ferhyrndur. Veggir úr torfi og grjóti, br. 1,0 - 1,5 m og h. 0,3 - 0,8 m. Sléttur flötur, grafinn niður í A - hluta, en bætt í þann vestri og þannig er hallanum að hluta eytt. Hann er vaxinn furu.
2 m í NA frá NA - horni garðs er:

Rúst.
Um 3 x 4 m (N - S). Rústin er úr torfi og grjóti.

Ljósmynd

Munnmæli

Jón Jósep Jóhannsson, síðar kennari að Skógum undir Eyjafj hóf skógrækt á þessum stað (hóf skógrækt einnig undir Eyjafj) Skógræktin var kostuð af Keldum og 1 forstöðumanni þar, Dr Birni Sigurðssyni, en hann var mágur Jóns

Heimildir

Túnakort 1916.

Athugasemdir

Gott ástand 1982.
Flokkað í C-flokk Þjms.
Óbreytt ástand 1994.
Skógrækt.
Minni rústin fannst ekki við vettvangskönnun 1998.

Landareign	Borgarhluti
Keldur	8
Staðfræði kort	**Dagsetning**
Viðey 1613 III NV: 61-15	19/7/94

Nr. 40

Tegund minja

Rétt

Heiti	Fjöldi
	1

Lega, staðhættir

280 m NNA af Keldum.
Á flötum bletti milli brekkna. Um 50 m SV af fornleif 33, og um 40 m S af fornleif 34. Hagi.

Teikn.



Ljósmynd

Lýsing

Rétt.
15 x 12 m (N - S). Veggir úr grjóti, br. 0,5 - 0,8 m og h. 0,2 - 0,7 m. Dyr eða op í Sog N. Réttin samanstendur nú af 2 hólfum (A og B). Hleðslur (garðlög) sjást á nokkrum stöðum, sérlega í S. Ut frá NV - horni réttarinnar gengur veggur í V, 1. 16 m, br. 1,0 m. og h. 0,2 - 0,5 m. 6,0 m frá SV - horni er annar veggur, 1. 5 m, br. 1,0 m. og h. 0,1 - 0,4 m en af honum er lítill hluti greinilegur og gæti þessi veggur hafa verið samhliða þeim, fyrrnefnda og myndað þá hið þriðja hólf. Ut frá SA - horni gengur hinn þriðji veggur í A, minnst 1. 4 m, br. 0,5 m og h. 0, 1 m sem hefur trúlega gengið nokkra tugi metra í A og tengst minjum um 40 m frá fornleif nr. 40.

Heimildir

Munnmæli

Athugasemdir

Sæmilegt/lélegt ástand árið 1982.
Flokkað í A-flokk Þjms.
Ástand óbreytt árið 1994.

Landareign	Borgarhluti
Keldur	8
Staðfræði kort	**Dagsetning**
Viðey 1613 III NV: 61-15	19/7/94

Nr. 41

Tegund minja

Útræði, (rúst, garður og bergrista)

Heiti	Fjöldi
Skiphóll/Naustatangi	1

Lega, staðhættir

Um 100 m suður af Grafarvogskirkju. A lítilli eyri, Naustatanga.

Lýsing

Útræði.

Á staðnum eru rúst og grjóthleðsla.

Rúst.

7 x 6,5 m (NV - SA). Útveggir úr grjóti, br. 0,8 - 1,0 m (SA - hlið hrunin, nú br. 2,0 m) og h. 0,3 - 0,8 m. Líklega dyr í SV. Grjóthleðslurnar mjög heillegar, ef frá er talin SA - hlið. Inn úr NA - hlið gengur hólf, br. 3 x 2,5 m. Veggir úr grjóti (grónir), br. 0,4 - 0,6 m og h. 0,2 m. Dyr í SV. 2,5 m í V af V - horni rústarinnar er:

Garður.

L. 5,5 m (A - V), br. 0,7 m og h. 0,3 - 0,4 m. 12 m VSV af dyrum rústarinnar er:

Bergrista.

Á steini, 0,5 m stórum. Á hann er klappaður hringur, 0,04 m í þvermál. Sjálf ristan er 0,006 m br. (Fannst ??? í vettvangskönnun 1998).

Sjálf lendingin (vörin) hefur ugglaust verið rétt norðan við garðinn.

Munnmæli

Þarna höfðu Keldnamenn lendingarstað og uppsátur fyrir báta.

Landareign	Borgarhluti
Keldur	8
Staðfræði kort	**Dagsetning**
Viðey 1613 III NV: 61-14	19/8/98

Teikn.



Ljósmynd

Heimildir

Örnefnastofnun. Keldur.

Athugasemdir

Gott ástand árið 1982.
Flokkað í A-flokk Þjms.
Ástand óbreytt árið 1994.

Nr. 42

Tegund minja

Rétt

Heiti	Fjöldi
Gamlarétt	1

Lega, staðhættir

20 m NV af veg sunnanvert við botn Grafarvogs, um 70 m NA frá Vogi. I brekku við kvos.

Teikn.

Lýsing

Rétt

Rest af rétt. 1983 var einn veggur úr grjóti, 1. 12 m (NNA - SSV), br. 1,0 - 1,3 m og h. 0,4 - 0,7 m. Garðlög sáust víða. Nú eru aðeins slitrur einar eftir af veggnum og ekkert sem bendir til þess að þarna hafi rétt staðið fyrrum eða nokkurt annað mannvirki. A túnakorti frá 1916 er skráð hestarétt á þessum stað.

Ljósmynd

Munnmæli

Við vegalagningu tók af mestan hluta réttarinnar. Var hún notuð fram til ársins 1902.

Heimildir

Örnefnastofnun.Grafarholt.
Túnakort 1916.

Athugasemdir

Mjög lélegt ástand 1982.
Flokkað í B-flokk Þjms.
Ástand óbreytt 1994.
Rétt sjáanleg 1998.

Landareign	Borgarhluti
Grafarholt	8
Staðfræði kort	**Dagsetning**
Viðey 1613 III NV: 61-14	25/8/98

Nr. 56

Tegund minja

Fjárhús

Heiti	Fjöldi
	2

Lega, staðhættir

Á Klapparholti vel grónu; Um 40 m S af Krosshömrum nr. 9-11. A milli rústanna er malbikaður gangstígur.

Teikn.



Lýsing

Fjárhús 1.

10 x 4 m (N - S). Veggir úr grjóti, nokkuð grónir, br. 1,0 - 1,3 m og h. 0,2 - 0,6 m.
Dyr í V. Grjótið er nokkuð stórt og er mest vk dyr.
23 m NV af fjárhúsi 1 er:

Fjárhús 2.

9 x 4 m (NA - SV). Veggir úr grjóti, nokkuð grónir, br. 1,0 - 1,4 m og h. 0,2 - 0,5 m. Dyr í V. Töluvert grjót í rústinni. Grjótið nokkuð stórt. N við miðju er þverveggur úr grjóti og skín í bera klöppina (í hólfi A).

Ljósmynd

Munnmæli

Heimildir

Athugasemdir

Gott ástand 1983.
Flokkað í B-flokk Þjms.
Ástand óbreytt 1995.
Fornleifarnar eru ranglega staðsettar við Elliðavog í óbirtri fornleifaskrá Þjóðminjasafns Islands árið 1985 og 1986. Þær eru þó nærri réttu lagi á loftljósmynd árið 1983.
Gott ástand 1998.

Landareign	Borgarhluti
Gufunes	8
Staðfræði kort	**Dagsetning**
Viðey 1613 III NV: 59-15	23/6/98

Nr. 116

Tegund minja

Álagasteinn ?

Heiti	Fjöldi
Grásteinn	1

Lega, staðhættir

Vestan við vegamót heim að Keldum.

Teikn.

Lýsing

Álfasteinn.

H. um 2,5 m og br. 3,0 m. Klofinn. Steinninn stendur nú á manngerðri undirstöðu. Upphaflega stóð hann annars staðar nærri. Alfatrúin er seinni tíma uppfinnig (Jóhann Pálsson garðyrkjustjóri). Alfasögnin við steininn var óþekkt fyrr á tímum og hvergi þekkt í nágrenninu. Nú er verið að breikka Vesturlandsveginn og færist vegurinn þá að steininum.

Ljósmynd

Munnmæli

Reynt var að fjarlægja steininn við gerð Vesturlandsvegar og hann sprengdur. En vélar og verkfæri tóku þá að bila svo hætt var við að fjarlægja steininn.

Heimildir

Vísir, 29. júlí 1971.

Athugasemdir

Flokkað í A-flokk Þjms.

Landareign	Borgarhluti
Grafarholt	8
Staðfræði kort	**Dagsetning**
Viðey 1613 III NV: 62-14	7/10/98

Nr. 131

Tegund minja

Rúst og garður

Heiti	Fjöldi
	2

Lega, staðhættir

Um 15 m S af rúst nr. 33 er rúst og garður á brekkubrún í haga, skammt suður af Vesturhúsum.

Lýsing

Rúst.

9 x 4 m (NNV - SSA).. Veggir úr torfi og grjóti, br. 1 x 1,5 m og h. 0, 1 - 0,3 m. Rústin samanstendur af tveimur hólfum A og B. Dyr eru á hólfi A inn í B, og á hólfi Bút í vestur. A - langveggur er að hluta til skorinn inn í brekkuna. N - hlutinn er skaddaður vegna hitaveituskurðar.

Garður.

Hann gengur út úr SV - horni rústarinnar. Um 20 m 1. (ANA - VSV). Garðurinn eru. þ. b. 2 m á br. og 0,2 - 0,4 m á h. Mjög sennilegt er að garður þessi hafi verið tengdur garði sem nefndur er við fornleifar nr. 40.

Munnmæli

Landareign	Borgarhluti
Keldur	8
Staðfræði kort	**Dagsetning**
Viðey 1613 III NV: 61-15	27/10/94

Teikn.



Ljósmynd

Heimildir

Athugasemdir

Sæmilegt ástand 1994.

Nr. 142

Tegund minja

Bæjarstæði - bæjarhóll

Heiti	Fjöldi
Keldur	1

Lega, staðhættir

V - megin við yngsta bóndabæinn á Keldum, og um 5 m N af trjáræktarlundi (barrtré og lauftré).

Teikn.

Lýsing

Bæjarhóll.

Um 30 m í þvermál og um 2 má h.

Nú sér ekki móta fyrir neinum veggjum né veggjabrotum. I miðjan bæjarhólinn hefur verið byggt mannvirki (fyrsti súrheysturn á Islandi að sögn bústjóra). Mannvirkið er nú fyllt jarðvegsefnum og brenndum dýrabeinum (m.a. frá dýraspítalanum í Reykjavík).

Ljósmynd

Munnmæli

Heimildir

Túnakort 1916.
Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, III.

Athugasemdir

Sæmilegt ástand 1994.

Landareign	Borgarhluti
Keldur	8
Staðfræði kort	**Dagsetning**
Viðey 1613 III NV: 61/62-14	24/11/94

Nr. 162

Tegund minja

Þjóðleið

Heiti	Fjöldi

Lega, staðhættir

Í botni Grafarvogs. Fyrir ofan ræktun Jóhanns Pálssonar við Keldur.

Teikn.

Lýsing

Vegurinn lá frá Reykjavík austur á Þingvöll

Ljósmynd

Munnmæli

Heimildir

Kort: Reykjavík og nágrenni 1909.
Jóhann Pálsson 1998.

Athugasemdir

Landareign	Borgarhluti
Keldur	8
Staðfræði kort	**Dagsetning**
	25/8/98

Skýrslur Árbæjarsafns

1. Margrét Hallgrímsdóttir: *Viðey. Fornleifarannsáknir 1988-1989.* Rvk 1989
2. Hrefna Róbertsdóttir: *Gamli Austurbærinn Timburhúsabyggð í norðanverðu Skólavörðuholrifrá byrjun 20. aldar* Rvk 1989
3. Margrét Hallgrímsdóttir: *Fornleifarannsókn í Viðey 1987.* Rvk 1988
4. Margrét Hallgrímsdóttir, Þorvaldur S Þorvaldsson, Þórður Þ Þorbjarnason: *Greinargerð um tillögu húsafriðunarnefndar ríkisins um friðun 24 húsa í Reykjavík.* Rvk 1990
5. Hanna Rósa Sveinsdóttir, Helgi M Sigurðsson og Hrefna Róbertsdóttir: *Borgarhluti 2. Fyrsta greinargerð frá Árbæjarsafni.* Rvk 1990
6. Hrefna Róbertsdóttir og Margrét Hallgrímsdóttir: *Steinbæir og lítil steinhús í Reykjavík. Könnun á ástandi þeirra.* Rvk 1991
7. Hanna Rósa Sveinsdóttir: *Byggingasaga. Stgr. 1.172.0. Hverfisgata, Vatnsstígur, Laugavegur og Klapparstígur og stgr. 1.1740 Hverfisgata, Barónsstígur, Laugavegur og Vitastígur.* Rvk 1991
8. Helgi M Sigurðsson: *Sögulegar minjar í Öskjuhlíð og Vatnsmýri. Úttekt ásamt tillögum um verndun og lagfæringar.* Rvk 1991
9. Nikulás Úlfar Másson: *Húsakönnun í Blesugróf.* Rvk 1992
10. *Ársskýrsla Árbæjarsafns 1991.* Rvk 1992
11. Hrefna Róbertsdóttir, Margrét Hallgrímsdóttir og Nikulás Úlfar Másson: *Aðalstræti byggðarsaga Reykjavíkur frá öndverðu. Fornleifar, landnám- og miðaldabyggð. Hús Innréttinganna. Geysishúsið.* Rvk. 1992.
12. Helgi M. Sigurðsson: *Norðlingaholt.* Rvk. 1992.
13. Nikulás Úlfar Másson: *Borgarhluti 3. Byggingar og Minjar.* Rvk. 1992.
14. Helgi M. Sigurðsson: *Elliðaárdalur.* Rvk. 1992.
15. Margrét Hallgrímsdóttir: *Viðey. Fornleifarannsóknir 1991. Áfangaskýrsla.* Rvk. 1992
16. *Ársskýrsla Árbæjarsafns 1992.* Rvk. 1993.
17. Nikulás Úlfar Másson, Margrét Jónasdóttir: *Byggingasaga. Stgr. 1.190.3. Bergþórugata, Vitastígur, Njálsgata og Barónsstígur.* Rvk. 1993.
18. Nikulás Úlfar Másson, Margrét Jónasdóttir: *Byggingasaga. Stgr. 1.161.1 og 2. Suðurgata, Kirkjugarðsstígur, Garðastræti og Túngata.* Rvk. 1993.
19. Bjarni F. Einarsson: *Laugarnes. Greinargerð um fornleifar á Laugarnesi.* Rvk. 1993.
20. Hrefna Róbertsdóttir: *„Timburhús fornt''. Greinargerð um Hillebrandtshúss á Blönduósi.* Rvk. 1993.
21. Margrét Hallgrímsdóttir: *Viðey. Fornleifarannsóknir 1989-1990. Áfangaskýrsla.* Rvk. 1993.
22. Bjarni F. Einarsson: *Korpúlfsstaðir. Greinargerð um fornleifar í Staðalhverfi í Borgarholti III.* Reykjavík. Rvk. 1993.
23. Bjarni F. Einarsson: *Breiðholt. Greinargerð um fornleifar í Breiðholti. Reykjavík.* Rvk. 1993.
24. Margrét Hallgrímsdóttir: *Viðey. Fornleifarannsóknir 1992. Áfangaskýrsla.* Rvk. 1993.
25. Bjarni F. Einarsson: *Arnarhóll. Greinargerð um jarðsjárkönnun og fornleifar á Arnarhóli í Reykjavík.* Rvk. 1993.
26. Nikulás Úlfar Másson, Margrét Jónasdóttir: *Byggingasaga. Stgr. 1.174.2. Laugavegur, Barónsstígur, Grettisgata og Vitastígur.* Rvk. 1993.
27. Bjarni F. Einarsson: *Þingnes. Greinargerð varðandi ástand fornleifa á Þingnesi við Elliðavatn og fyrirhugaðar stígaframkvæmdir þar.* Rvk. 1993.
28. Hrefna Róbertsdóttir: *Aðalstræti saga byggðar. Rannsóknarverkfni. Skýrsla 1993.* Rvk. 1993.
29. Margrét Hallgrímsdóttir: *Húsakostur Viðeyjarklausturs. Um byggð í Viðey fram á 18. öld.* Rvk. 1993.
30. Nikulás Úlfar Másson, Margrét Jónasdóttir: *Byggingasaga. Stgr. 1.131.0 og 2, 1.130.2 og Vesturgata í stgr. 1.135.0 og 1, 1.134.0. Vesturgata, Seljavegur, Nýlendugata, Bakkastígur og Ægisgata.* Rvk. 1993.
31. Skia: *Survey 1993. A Report of Archeological Test Pits in Downtown Reykjavík.* Rvk. 1993.
32. Bjarni F. Einarsson og Þorgeir S. Helgason: *Jarðkönnun vegna nýbyggingar Hæstaréttar Íslands.* Rvk. 1994.
33. Bjarni F. Einarsson: *Hæstiréttur. Leit að mannvistarlögum vegna byggingar Hæstaréttar.* Rvk. 1994.
34. Nikulás Úlfar Másson, Margrét Jónasdóttir: *Byggingasaga. Stgr. 1.171.2, Skólavörðustígur, Bergstaðastræti, Hallveigarstígur, Ingólfsstræti, Bankastræti.* Rvk. 1994.
35. Bjarni F. Einarsson: *Arnarhóll. Greinargerð um jarðsjárkönnun og fornleifar á Arnarhóli í Reykjavík.* Rvk. 1993.
36. Bjarni F. Einarsson: *Arnarhóll 1994 Prufuskurður í apríl.* Rvk. 1994.
37. *Ársskýrsla Árbæjarsafns 1993.* Rvk.
38. Margrét Hallgrímsdóttir: *Viðey. Fornleifarannsókn 1993.* Rvk. 1994.
39. Ragnar Edvardsson: *Arnarhóll. Fornleifarannsókn 1993.* Rvk. 1994.
40. Nikulás Úlfar Másson og Margrét Jónasdóttir: *Byggingasaga. Stgr. 1.171.1 Hverfisgata, Klapparstígur, Laugavegur, Smiðjustígur.* Rvk. 1994
41. Bjarni F. Einarsson. *Ingólfstorg. Fornleifarannsókn þar sem fyrrum var horn Aðalstrætis og Austurstrætis.* Rvk. 1994.
42. Nikulás Úlfar Másson, Margrét Jónasson: *Byggingasaga. Landakotsreits og nágrennis. Stgr. 1.137.2 og 1.160.1, Öldugata, Ægisgata, Túngata, Hólavallagata, Hávallagata, Hofsvallagata og Hrannarstígur.* Rvk. 1994.
43. Nikulás Úlfar Másson, Margrét Jónasdóttir: *Byggingasaga Alþingishússreits. Stgr. 1.141.1. Templarasund, Kirkjustræti, Tjarnargata, Vonarstræti.* Rvk. nóv. 1994.
44. Hrefna Róbertsdóttir: *Landsins forbetran.* Rvk. okt. 1994.
45. Nikulás Úlfar Másson, Margrét Jónasdóttir: *Byggingasaga Alþingishússreits. Stgr. 1.141.1. Templarasund, Kirkjustræti,* Tjarnagata, Vonarstræti. Rvk. nóv. 1994.
46. Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskrá Reykjavíkur.* Rvk. maí. 1995.
47. Steinnunn Kristjánsdóttir: *Heiðnar og helgar minjar í Viðey. Áfangaskýrsla Viðeyjarrannsókna 1994.* Rvk. maí. 1995.
48. Nikulás Úlfar Másson: *Byggingasaga. Hegningarhússreitur. Stgr. 1.171.4. Laugavegur, Vegamótastígur, Skólavörðurstígur, Bergstaðastræti.* Rvk. okt. 1995.
49. Bjarni F. Einarsson: *Fornleifarannsókn í Aðalstræti 12 árið 1993. Rannsóknarsaga, endurmat og landnám.* Rvk. des. 1995.
50. Brynhildur Ingvarsdóttir, Hrefna Róbertsdótttir: *Urður I. Myndaskráningarkerfi í FileMaker Pro.* Rvk. des. 1995.
51. Bjarni F. Einarsson, Helgi M. Sigurðsson, Nikulás Úlfar Másson: *Borgarhluti 7 – Árbær. Byggingar og minjar.* Rvk. des. 1995.
52. *Ársskýrsla 1994.* Rvk. 1995.
53. Nikulás Úlfar Másson: *Miðbæjarskólinn – nútímaskóli.* Mars 1996.
54. Brynhildur Ingvarsdóttir og Hrefna Róbertsdóttir: *Urður 1.2. Myndskráningarkerfi í FileMaker Pro.* Ágúst 1996.
55. Sigríður Halldórsdóttir og Áslaug Sverrisdóttir: *Jarðfundin höfuðföt úr Viðey í Kollafirði.* Rvk. 1996.
56. Steinunn Kristjánsdóttir. *Viðey – rúarheimar mætast.* Áfangaskýrsla 1995. Rvk. 1996.
57. Anna Lísa Guðmundsdóttir. *Fornleifaeftirlit á lóð Hæstaréttar og Safnahúss.* Rvk. 1996.
58. Garðar Baldvinsson. *Völundarhús sjónlínanna Reykjavík í ljósmyndum og ljóum á tuttugustu öld.* Rvk. 1997.
59. Birna Gunnarsdóttir og Orri Vésteinsson. *Menningarminjar í Hengli og Grafningi norðan Úlfljótsvatns.* Rvk. 1997.
60. Orri Vésteinsson. *Fornleifar í landi Nesjavalla og Ölfusvatns.* Rvk. 1997.
61. Anna Lísa Guðmundsdóttir. *Minjavarsla í Reykjavík. Framkvæmdaeftirlit vegna fornleifa. Í Austurstræti frá Pósthússtræti að Lækjargötu.* Rvk. 1997.
62. Ragnheiður Traustadóttir. *Fornleifaskráning í Hvammi og Hvammsvík í Kjós.* Rvk. 1998.
63. Margrét Hallgrímsdóttir. *Ársskýrsla 1996.* Rvk. 1998.
64. Mjöll Snæsdóttir. *Alþingishússreitur.* Rvk. 1998.
65. Margrét Hallgrímsdóttir. *Ársskýrsla 1997.* Rvk. 1998.
66. Nikulás Úlfar Másson. *Byggingasaga – Teigahverfi.* Rvk. 1998.
67. Anna Lísa Guðmundsdóttir. *Minjavarsla í Reykjavík. Framkvæmdaeftirlit vegna fornleifa í grunni Stjórnarráðshússins.* Rvk. 1998.
68. Brynja Björk Birgisdóttir. *Maddama Ottesen og Dillon lávarður.* Rvk. 1998
69. Nikulás Úlfar Másson. *Byggingasaga. Ölgerð Egils Skallagrímssonar við Njálsgötu.* Rvk. 1998.